

Landsvirkjun  
Hörður Arnarson  
forstjóri  
Háaleitisbraut 68  
103 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2010  
Tilvísun: 2009070002/50.4.3  
Verknúmer: 1073000

### **Efni: Leiðrétting á rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu**

Orkustofnun vísar til rannsóknarleyfis á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu til handa Landsvirkjun og RARIK ohf. sem veitt var fyrirtækjunum þann 21. ágúst 2009 í samræmi við ákvæði 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Í 2. gr. umrædds leyfis er kveðið á um gildistíma þess þar sem segir að leyfið gildi frá undirritunardegi til 31. desember 2012.

Nánari athugun á umræddu leyfi hefur leitt í ljós mistök við frágang þess hvað varðar gildistíma leyfisins. Í umsókn Landsvirkjunar og RARIK ohf. um umrætt leyfi, dags. 17. nóvember 2008, er óskað eftir rannsóknarleyfi til 15 ára á vatnasviði Hólmsár. Var umsókn þessi kynnt umsagnaraðilum og var ekki gerð athugasemd hvað varðar umbeðin tímamörk og að auki gerði Orkustofnun ekki athugasemdir varðandi gildistíma leyfisins. Ljóst þykir að við útgáfu umrædds leyfis hefur misfarist að kveða á um gildistíma leyfisins í samræmi við umsókn leyfishafa og er því um misritun á ártali að ræða en ekki vegna efnislegs mats á umsókn leyfishafa.

Þess ber að geta að umrædd umsókn leyfishafa er fylgiskjal með hinu veitta leyfi og því hluti þess.

Í 23. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, er kveðið á um heimild til handa stjórnvöldum til breytinga eða leiðréttingar á ákvörðunum. Í 2. mgr. 23. gr. segir að eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té. Í athugasemdum við umrædda málsgrein segir að stjórnvaldi sé heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, svo sem misritun á orði, nafni eða tölu og reikningsskekkju, svo og aðrar bersýnilegar villur er varða form ákvörðunar. Heimildin tekur hins vegar ekki til leiðréttingar á efni ákvörðunar. Hafi því t.d. efni ákvörðunar orðið rangt vegna lögvillu stjórnvaldsins, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika er ekki unnt að breyta ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis.

Liggur því fyrir, eins og að framan greinir, að við útgáfu umrædds leyfis hafi ártal misritast í 2. gr. leyfisins. Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga er umrædd villa hér með leiðrétt.

Með vísan til framanritaðs skal rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu, til handa Landsvirkjun og RARIK ohf., frá 21. ágúst 2009, gilda frá útgáfudegi þess til 31. desember 2024. Þá skal rannsóknnum leyfishafa og undirbúningi þeirra ljúka fyrir 1. desember 2024.

Hér með tilkynnist framanritað og um leið er beðist velvirðingar á framangreindum mistökum sem áttu sér stað við útgáfu leyfisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Guðni A. Jóhannesson', written over the printed name and title.

Guðni A Jóhannesson  
orkumálastjóri

*Samrit sent til:*  
RARIK ohf.

RARIK ohf.  
Tryggvi Þ. Haraldsson  
forstjóri  
Bíldshöfða 9  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2010  
Tilvísun: 2009070002/50.4.3  
Verknúmer: 1073000

## **Efni: Leiðrétting á rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu**

Orkustofnun vísar til rannsóknarleyfis á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu til handa Landsvirkjun og RARIK ohf. sem veitt var fyrirtækjunum þann 21. ágúst 2009 í samræmi við ákvæði 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Í 2. gr. umrædds leyfis er kveðið á um gildistíma þess þar sem segir að leyfið gildi frá undirritunardegi til 31. desember 2012.

Nánari athugun á umræddu leyfi hefur leitt í ljós mistök við frágang þess hvað varðar gildistíma leyfisins. Í umsókn Landsvirkjunar og RARIK ohf. um umrætt leyfi, dags. 17. nóvember 2008, er óskað eftir rannsóknarleyfi til 15 ára á vatnasviði Hólmsár. Var umsókn þessi kynnt umsagnaraðilum og var ekki gerð athugasemd hvað varðar umbeðin tímamörk og að auki gerði Orkustofnun ekki athugasemdir varðandi gildistíma leyfisins. Ljóst þykir að við útgáfu umrædds leyfis hefur misfarist að kveða á um gildistíma leyfisins í samræmi við umsókn leyfishafa og er því um misritun á ártali að ræða en ekki vegna efnislegs mats á umsókn leyfishafa.

Þess ber að geta að umrædd umsókn leyfishafa er fylgiskjal með hinu veitta leyfi og því hluti þess.

Í 23. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, er kveðið á um heimild til handa stjórnvöldum til breytinga eða leiðréttingar á ákvörðunum. Í 2. mgr. 23. gr. segir að eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té. Í athugasemdum við umrædda málsgrein segir að stjórnvaldi sé heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, svo sem misritun á orði, nafni eða tölu og reikningssekkju, svo og aðrar bersýnilegar villur er varða form ákvörðunar. Heimildin tekur hins vegar ekki til leiðréttingar á efni ákvörðunar. Hafi því t.d. efni ákvörðunar orðið rangt vegna lögvillu stjórnvaldsins, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika er ekki unnt að breyta ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis.

Liggur því fyrir, eins og að framan greinir, að við útgáfu umrædds leyfis hafi ártal misritast í 2. gr. leyfisins. Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga er umrædd villa hér með leiðréttt.

Með vísan til framanritaðs skal rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu, til handa Landsvirkjun og RARIK ohf., frá 21. ágúst 2009, gilda frá útgáfudegi þess til 31. desember 2024. Þá skal rannsóknnum leyfishafa og undirbúningi þeirra ljúka fyrir 1. desember 2024.

Hér með tilkynnist framanritað og um leið er beðist velvirðingar á framangreindum mistökum sem áttu sér stað við útgáfu leyfisins.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Guðni A. Jóhannesson', written over the printed name below it.

Guðni A Jóhannesson  
orkumálastjóri

*Samrit sent til:*  
Landsvirkjun